

Samband íslenskra sveitarfélaga
Pósthólf 8100
128 Reykjavík


Hornafirði, 28. mars 2019
nr. erindis 201903090 BB

Málefni: Ályktun frá bæjarráði Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar mótmælir harðlega þeim áformum ríkistjórnarinnar að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs, og bókaði eftirfarandi á fundi sínum þann 18. mars.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar mótmælir harðlega þeim áformum fjármálaráðherra og ríkisstjórnar að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um a.m.k. 2,8 milljarða á árunum 2020 og 2021. Skerðingin kemur harðast niður á útgjaldajöfnunarframlögum, en þau renna einkum til sveitarfélaga á landsbyggðinni sem hafa mörg hver veikan fjárhag. Skerðingin kemur einnig niður á framlögum til þjónustu við fatlað fólk og getur falið í sér að dregið verði úr þeirri þjónustu. Áætlað tekjutap sveitarfélaga á Suðurlandi af framlögum til útgjaldajöfnunar og vegna fasteignaskatts er tæpar 505 millj.kr. og vegna málefna fatlaðra 29 millj.kr. Framlög til málefna fatlaðra hafa ekki staðið undir rekstrarkostnaði og bætir þetta ekki stöðu þess málaflökks. Framlög til málefna fatlaðra hafa ekki staðið undir rekstrarkostnaði og bætir þetta ekki stöðu þess málaflökks. Einhliða ákvörðun ríkisvaldsins af þessu tagi er í andstöðu við það formlega samráðsferli ríkis og sveitarfélaga sem hefur þróast á undanförunum árum og fela áform þessi í sér algeran trúnaðarbrest gagnvart sveitarfélögunum í landinu. Ekki getur með nokkrum hætti talist eðlilegt að áhersla á að bæta afkomu ríkissjóðs skili sér í skerðingum á tekjum sveitarfélaganna, sem standa undir mjög stórum hluta almannaþjónustu í landinu. Bæjarráð krefst þess að áform um skerðingu tekna Jöfnunarsjóðs verði afturkölluð þegar í stað.“

Virðingarfyllst,



Bryndís Bjarnarson
upplýsinga-og umhverfisfulltrúi

